

Ormavinna í Akraseli

Í leikskólanum Akraseli er unnið mikið umhverfisstarf og meðal annars eru matrafgangar notaðir í moldu og einnig erum við með moltuorma sem búa til mold fyrir okkur. Börnin fengu kynningu í sal um ormana og allar deildir fengu nú sinn ormakassa til að hugsa um. Börnin voru mjög áhugasöm og undirbjuggu sinn kassa með því að bora göt á hann og búa til rúm fyrir ormana með því að setja blöð í botninn.



Það var svo farið með kassann inn í sal þar sem ormannir voru og þeir fengu að fara í bólið sitt.





Þegar það var búið að koma ormum vel fyrir í bólinu sínu í kassanum fengu þeir að borða. Þeir þurfa alltaf að fá eggjaskurn og kaffikorg og svo fengu þeir grasker. Þeir mega ekki fá sítrusávesti eða fræ og ekkert brauð eða fitu.

Að lokum var svo sett ofan á allt saman lauf sem börnin höfðu tínt í ævintýraferðum í skógræktina



Í lokin breyttust svo öll börnin að sjálfsögðu í orma sem liðuðust um í salnum.

